

Júlí 2022

# Ársskýrsla Hæðarbóls

2021-2022



Jóna Rósa Stefánsdóttir, leikskólastjóri Hæðarbóls  
GARÐABÆR. 15. JÚLÍ 2022

<b>Inngangur</b> .....	2
<b>Innra starfið</b> .....	2
<b>Mat á innrastarfi út frá starfsáætlun</b> .....	2
<i>Vinnustundir</i> .....	2
<i>Nýting húsnæðis, nánasta umhverfis og vinna með árganga á eldri deildum í frjálsum leik</i> .....	3
<i>Söngur með gítarspili – vinna með ágangana</i> .....	3
<i>Lubbi daglega í samverustundum</i> .....	3
<i>Ferilmöppur</i> .....	4
<b>Matsþættir út frá matsáætlun</b> .....	4
<i>Vinnustundir í stærðfræði</i> .....	4
<i>Vinnustundir í sköpun</i> .....	5
<i>Vinnustundir í íþróttum</i> .....	5
<i>Matartímar barnanna, líðan þeirra og upplifun í matartímum, samskipti og matarvenjur</i> .....	5
<i>Umhverfismennt innan skólans / grænatemyið</i> .....	6
<i>Rýmingaráætlun, ef upp kemur eldur, jarðskjálfti eða aðrar náttúruhamfarir</i> .....	6
<b>Nýbreytni og þróunarverkefni</b> .....	6
<b>Nýbreytni</b> .....	6
<i>Árgangar á eldri deildum saman í söngstund tvisvar í viku</i> .....	7
<i>Börnin fá að hafa áhrif á hvað er gert í vinnustundum</i> .....	7
<b>Þróunarverkefni</b> .....	7
<i>Mat á námi og vellíðan leikskólabarna</i> .....	7
<b>Mannauður leikskólans</b> .....	8
<b>Menntun og fjöldi starfsfólks</b> .....	8
<b>Starfsþróun</b> .....	9
<b>Starfsmannakönnun</b> .....	10
<b>Barnahópurinn</b> .....	10
<b>Fjöldi barna á deild, tími, aldursdreifing</b> .....	10
<b>Stoðþjónusta bæjarins við leikskólann</b> .....	11
<b>Foreldrasamstarf</b> .....	12
<b>Öryggismál</b> .....	13
<b>Húsnæði og viðhald</b> .....	14
<b>Lokaorð</b> .....	14

## Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ber leikskólastjóra að gefa út sérstaka ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir mati á skólastarfi liðins starfsárs sem byggð er á skólanámskrá og starfsáætlun. Einnig kemur fram í lögum að hver leikskóli eigi að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Einnig kveða löggin á um að leikskólinn birti opinberlega upplýsingar um innra mat leikskólans, tengsl þess við skólanámskrá og umbætur. Árskýrsla þessi er unnin út frá starfs- og matsáætlun leikskólans.

## Innra starfið

### Mat á innrastarfi út frá starfsáætlun

Áhersluþættir í uppeldisstarfinu fyrir skólaárið 2021-2022 voru fimm, vinnustundir, nýting húsnæðis og nánasta umhverfis og vinna með árganga á eldri deildum í frjálsum leik, auka söng með gítarspili og vinna með Lubba í samverustundum og markvissar ferlismöppur.

### Vinnustundir

Markmiðið var að halda áfram að þróa og vinna með vinnustundirnar. Vinnustundir veita gleði og öryggi hjá börnunum, kennarar kynnast öllum börnum skólans og fá að nýta og vinna með áhugasvið sitt og öll börn skólans njóta sömu kennslunnar.

Eins og áður var byrjað á fyrsta starfsmannafundi í ágúst að setja niður vinnustundir á kennara, þar sem þeir fengu að segja til um það hvað þeir vildu fá að vinna með þennan vetur. Niðurstaðan var; útikennsla, skapandi starf, lífsleikni (vinátta), málörvun, stærðfræði, tónlist, spil, kór og íþróttir. Gerð var dagskrá yfir vikuna og allt vel undirbúið svo börn geti farið á milli deilda/svæða í húsinu og unnið með jafnöldrum í skemmtilegum verkefnum. Hins vegar kom fljótt í ljós að skipulagið hélt ekki þar sem að Covid skall á með tilheyrandi takmörkunum. Það er skemmst frá því að segja að aftur vorum við skikkuð í hólfi en að þessu sinni með þeim skilyrðum að halda upp öllu skólastarfi óskertu. Við erum svo lánsöm að hafa valið fólk í hverju rúmi og mikið af fagfólki. Því var ákveðið að hver deildarstjóri setti niður vinnustundir á sinni deild og skipti þeim niður á starfsfólkið, öll börn fengu góða og skemmtilegar vinnustundir með sínum kennurum. Við kláruðum veturinn svona því við reyndum tvisvar að fara í upprunalegt skipulag sem varði stutt við af sökum Covid, en engu að síður var mikið brallað á hverri deild.

Starfsfólk lagði mat á vinnustundir eftir veturinn og var ánægt með lendinguna en engu að síður vill það fara aftur upprunalegt skipulag vinnustunda sem gefur öllum börnum jöfn tækifæri, húsnæðið er vel nýtt, jafnaldrar (árgangar) vinna saman, öll börn þekkja alla kennara og öfugt, ásamt mikilli samvinnu innan leikskólans. Starfsfólið var sammála um að vinnustundir veita gleði hjá bæði kennurum og börnum og þær undirstriki það að við erum einn leikskóli.



### ***Nýting húsnæðis, nánasta umhverfis og vinna með árganga á eldri deildum í frjálsum leik.***

Markmiðið með þessum þætti var tvíþætt, annars vegar að veita börnunum meiri tíma og rými í frjálsum leik með jafnöldrum og hins vegar vegna ábendinga og að ósk foreldra eftir síðasta vetur, að veita jafnöldrum af báðum deildum meira tækifæri til að leika saman.

Eldri deildarnar sem heita Furu- og Birkisel eru saman með 43 börn á aldrinum 3-5 ára (fædd 2018, 17 og 16). Börnunum er skipt milli deilda þannig að helmingur hvers aldurs sé á hvorri deild, síðan hafa þau farið í vinnustundir með sínum árgöngum. En nú var lagt upp með að börnin fái líka að leika við jafnaldra sína í frjálsum leik. Því var farið þá leið að skipta frjálsum leik í úti og inniveru og þá var helmingur barnanna á deildinni úti á meðan hinn helmingurinn var inni og þá voru það árgangarnir sem voru saman. Með þessu skapaðist meira rými fyrir frjálsan leik með jafnöldrum eins og foreldrar höfðu óskað eftir.

Áhersla á þennan þátt gekk mjög vel sem er klárlega kominn til að vera. Við erum einstaklega ánægð með að þessi þáttur tókst svona vel því þetta er búið að vera í starfsáætlun í nokkur skipti en hafði ekki náðst.

### ***Söngur með gítarspili – vinna með ágangana***

Markmiðin með þessum þætti voru tvö. Annars vegar, eftir mat á starfinu vorið 2021 var niðurstaðan að auka og bæta söngstundir og nýta hæfni kennara sem spila á gítar í söngstundum og hins vegar, að efla samstarf árganga milli deilda og hafa sameiginlegar söngstundir fyrir hvern árgang vikulega á annarri hvorri deildinni með gítarspili. Að auka söng með gítarspili gekk vel en eins og áður hefur komið fram var ekki alltaf hægt að vinna með árganga milli deilda vegna Covid en inn á hverri deild var spilað á gítar undir söng í hverri viku og stundum oftast. Eftir áramót þegar Covid fór minkandi og rýmkað var á takmörkunum fóru árgangarnir að hittast og syngja saman. Söngur veitir gleði, eykur orðaforða og eflir málþroska. Við erum ánægð með að hafa lagt áherslu á þennan þátt og verður hann áfram hjá okkur.



### ***Lubbi daglega í samverustundum.***

Markmiðið með þessum þætti var að vinna með Lubba daglega í samverustundum. Lubbastundir byggjast á bókinni *Lubbi finnur málbein, íslensku máhljóðin sýnd og sungin* eftir Eyrúnu Ísafold Gísladóttur og Þóru Másdóttur talmeinafræðinga. Áður var unnið með Lubba eingöngu í vinnustundum í málörvun sem eru einungis 1-2 sinnum í viku fyrir hvert barn. Námsefnið er hugsað til málörvunar og hljóðnáms fyrir börn á aldrinum 2-7 ára, auk þess sem það stuðlar að auknum orðaforða og ýtir undir skýrari framburð. Lagt var upp með að nýta námsefnið í samverustundum hvort heldur söng eða sögustundum, þetta gekk vel á yngstu deildinni, Víðiseli en þar var unnið markvisst með Lubba nokkrum sinnum í viku ásamt því að tengja verkefnið heim, sem var einnig nýbreyti í starfi. Eldri deildarnar bættu sig en betur má ef duga skal og viljum við halda þessu þætti inni næsta skólaár til að leggja enn meiri áherslu á þennan þátt. Starfsfólkið er sammála því þar sem þetta skiptir miklu máli fyrir málþroska barnanna.

### **Ferilmöppur**

Markmiðið með þessum þætti var að gera alla kennara meðvitaða og ábyrga fyrir því að börnin safni jafnóðum myndum og skráningum af þeim fjölbreyttu og skemmtilegu verkefnum sem þau vinna yfir veturinn í möppuna sína. Reynslan var sú að kennarar voru mis duglegir við að setja verkefni og námssögur eftir vinnustundir í möppurnar hjá börnunum. Mikilvægt er að börnin séu með gögn í ferilmöppu sem sýnir aukinn þroska og færni frá ári til árs. Deildarstjórar tóku að sér að yfirfara möppurnar mánaðarlega og gæta þess að þessu sé sinnt af kostgæfni. Þessi þáttur er kominn í mjög góðan farveg og við ætlum okkur að halda því þannig.

Þættir í starfsáætlun tókust bara nokkuð vel þrátt fyrir erfiða tíma. Þrír af fimm þáttum náðu þeim viðmiðum sem sett voru það voru nýting húsnæðis, söngur með gítarspili og verkefni í ferilmöppu barnanna. Vinnustundir tókust vel með breyttu sniði og mikill lærdómur fenginn af því en gera má betur með Lubba í samverustundum þrátt fyrir góða vinnu.

### **Matsþættir út frá matsáætlun.**

Matsþættirnir fyrir skólaárið 2021-2022 voru; vinnustundir í stærðfræði, sköpun og íþróttum, matartímar barnanna, líðan þeirra og upplifun í matartímum, samskipti og matarvenjur, nýting húsnæðis og nánasta umhverfis, umhverfismennt innan leikskólans / grænatemyið og rýmingaráætlun.

Mat á skólastarfinu fór fram á skipulagsdegi í maí og tók allt starfsfólk þátt í matinu. Ferlið var þannig að starfsfólki var skipt upp í þrjá hópa og allir fengu þrjá þætti til að meta. Hóparnir fengu sömu spurningar til að svara/ræða um þættina; hvað gerðum við vel í þessum þætti í vetur og hvað getum við bætt í þessum þætti út frá þeim viðmiðum sem við settum okkur í matsáætlun. Hóparnir kynntu og ræddu niðurstöður fyrir öðru starfsfólki. Unnið verður áfram með þetta á skipulagsdegi í haust þar sem farið verður nánar í að útfæra það *hvernig* við ætlum að ná því sem betur má fara. Þetta var mjög skemmtileg vinna þar sem miklar umræður sköpuðust þar sem skipulagið virkjar og veitir starfsfólki jöfn tækifæri til þátttöku og framlags til vinnunnar. Matið sýnir að starfsfólk á Hæðarbóli hefur mikinn metnað og sýnir mikinn áhuga á að gera betur og koma með nýjar hugmyndir.

### **Vinnustundir í stærðfræði**

Viðmiðin í stærðfræði voru; virk þátttaka og gleði í tímum, að efla talnaskilning og læra að þekkja helstu form og hugtök í stærðfræðinni.

Kennarar voru ánægðir með stærðfræðistundirnar, þeir upplifðu börnin glöð og ánægð í stundunum, sem voru dugleg að taka þátt og áhugasöm. Kennarar veittu því eftirtekt hvað börnin voru að nýta sér þá færni og þekkingu sem þau lærðu í tímunum yfir í daglegar athafnir. Kennarar eru ánægðir með þann efnivið sem til er í leikskólanum, til að nota í stærðfræðistundum. Það sem kennarar töldu betur mætti fara var að kynna og upplýsa betur það sem verið er að vinna með í stærðfræði, bæði fyrir annað starfsfólk og foreldra, því þetta er svo skemmtilegt eins og þau nefndu.

### Vinnustundir í sköpun

Kennarar voru ánægðir með vinnustundir í sköpun þetta skólaár. Í vetur var áhersla lögð á að börnin fái að njóta sköpunarhæfileika sinna á eigin forendum, fái tækifæri til að kynnst mismunandi og fjölbreyttum efnivið og hvernig hægt er að vinna með hann. Eins og áður hefur komið fram breyttist skipulag oft með litlum fyrirvara en kennarar voru sammála um að það



hefði ekki haft áhrif á sköpunina fyrir börnin heldur frekar aukið hana og veitt börnunum meira frelsi til að skapa á eigin forendum. Kennarar voru einnig sammála um að leikskólanum hafi farið fram í að bjóða uppá frjálsta sköpun, með fjölbreyttum efnivið og meiri tími

og rúm gafst fyrir börnin að vinna að verkefnum sínum, sem kom þá helst út frá nýtingu á húsnaðinu sem við gerðum svo vel í vetur.

### Vinnustundir í íþróttum

Leikskólinn hefur verið með skipulagðar vinnustundir í íþróttum fyrir öll börn í leikskólanum svo árum skiptir, leikskólinn hefur afnot af íþróttasal í Mýrinni og fimleikasal í Ásgarði. Leikskólinn hefur verið í samvinnu við Fjölbrautaskólann í Garðabæ, þar eru namar á íþróttabraut sem skipuleggja íþróttatíma fyrir börn á Hæðarbóli og sjá um tímana undir handleiðslu kennara. Þetta er skemmtilegt samvinnuverkefni sem hefur reynst öllum vel. Kennarinn okkar í íþróttum fór í fæðingarorlof í lok september og ekki náðist strax að ráð inn kennara í staðinn. Deildarstjórar ásamt starfsfólkinu á deildunum ákváðu að taka þetta að sér og halda samstarfinu áfram. Verkefnið var virkt fram í miðjan nóvember en fljótlega skall Covid aftur á með tilheyrandi takmörkunum, því var ákveðið að fella niður ferðir í íþróttahús bæjarins. Brugðið var á það ráð að nýta salinn á Hæðarbóli og nánasta umhverfi fyrir hreyfingu barnanna. Farið var reglulega í gönguferðir og á íþróttavöll nálægt leikskólanum þar sem farið var í allskonar leiki.

### Matartímar barnanna, líðan þeirra og upplifun í matartímum, samskipti og matarvenjur.

Viðmiðin í þessum matsþætti voru að öll börn hefðu jákvæða og góða upplifun af matartímum, að þeim líði vel og finni fyrir öryggi í matsalnum. Börnin fái hollan og næringarríkan mat og hafi val um hvað þau setja á diskinn og matarskammtinn. Að börnin fá hvatningu til að borða og smakka sem flestan mat. Kennarar voru sammála um að menningin og andrúmsloft í matsalnum sé yfir höfuð góð. Börnin fara í röð að matarborðinu og læra sýna biðlund, að vera þolinmóð og sýna öðrum börnum kurteisi. Þau fá að velja á diskinn sinn en eru hvött til að setja sem flest á hann. Á matarborðum barnanna er svo vatn í könnu og grænmeti í skál til þess að þau geti hellt og skammtað sér sjálf. Kennarar eru sammála um að þetta hafi aukið vatnsdrykkju og aukið neyslu grænmetis hjá börnunum. Önnur jákvæð upplifun er sú, að börnin fá þann tíma sem þau þurfa til að borða og þurfa ekki og sitja þangað til allir eru búnir. Með því getur hvert og eitt verið á sínum forsendum. Börnin hafa val um hvar þau sitja og eru mjög ánægð með það. Að borða í matsal eykur sjálfstæði barnanna og öryggi þeirra. Maturinn er mjög góður, hann er eldaður frá grunni í leikskólanum og eru kennarar, börn og foreldrar mjög ánægð með það. Það sem kennarar töldu að betur mætti fara í matsal til að skapa góða stemmingu er að

kennarar sitji við borð með börnunum, spjalla við þau, hvetja þau til að borða og smakka allan mat og hrósa þeim.

### *Umhverfismennt innan skólans / grænatemyið*

Markmiðið var að minnka plastnotkun með því að hætta að nota plastpoka inn á deildum, blaut föt í fjölnotapoka og bleyjur í afgangspoka og lámarka pokanotkun í eldhúsi og annarstaðar í leikskólanum. Gera flokkun aðgengi- og sýnilegri með því að flokkunartunnur sé vel merktar og víðar um skólann. Með þessu á almennt sorp að minka. Skoða innkaup leikskólans með hliðsjón af umhverfisverndarsjónarmiðum, farið var í að samræma innkaup á hreinlætisvörum, sem nú eru keypt öll á einum stað og gerðar stærri en færri pantanir yfir árið. Áður voru hreinlætisvörur keyptar frá mörgum aðilum og pantað minna og oftar. Þetta hefur sparað tíma og pening en það má alltaf gera betur og er markmiðið að lækka kostnað enn meira á næsta skólaári. Í Umhverfismenntinni ræktuðu börnin Skólagarða og lærðu um sjálfbærni meðan þau gróðursettu kartöflur og rófur og var uppskeran ágæt. Þetta er skemmtilegt verkefni á sumrin sem endar með uppskerutíma þegar þau koma aftur í leikskólann eftir sumarfrí.

Niðurstaða mats kennara og næstu skref er að við erum lögð af stað í vegferð sem fer vel af stað en þarf að halda áfram og gera meira. Næstu skref eru þau að einn starfsmaður fékk úthlutaðan styrk úr sérverkefnasjóði leikskólans til að halda utanum Grænatemyi Hæðarbóls og innleiða innkaupastefnu leikskólans. Við reiknum því með að sjá meiri og markvissar framfarir á þessum þætti.

### *Rýmingaráætlun, ef upp kemur eldur, jarðskjálfti eða aðrar náttúruhamfarir*

Markmið þessa þáttar er að allir starfsmenn og börn þekki ferlið þegar rýma á leikskólann. Lagt var upp með að vera með tvær rýmingaráæfingar yfir skólaárið, önnur ef upp kemur eldur og hin vegna jarðskjálfta. Leikskólastjóri uppfærði rýmingaráætlun leikskólans og kynnti fyrir starfsfólki á starfsmannafundi á vorönn. Engar rýmingaráæfingar voru þetta skólaár og bæta þarf úr því.

## **Nýbreytni og þróunarverkefni**

### **Nýbreytni**

Í starfsáætlun settum við okkur markmið í þremur þáttum um nýbreytni í starfi og starfsháttum. **Auka þátt foreldra í starfinu með yngstu börnunum;** sem var tvíþætt, annars vegar með verkefni sem kallast Litli Lubbi heim einu sinni í viku og hins vegar með að bjóða foreldrum í morgunkaffi einu sinni í mánuði. Annar þátturinn var að endurvekja **söngstundir með gítarspili** daglega inni á deildum og einu sinni í viku með árganga saman og þriðji þáttur inn var að **veita börnunum tækifæri á að hafa áhrif á hvað sé unnið með í vinnustundum.**

Verkefnið litli Lubbi var þannig uppbyggt að einu sinni í viku var Lubbastund þar sem unnið var með einn staf og málhljóð hans. Eftir stundina fékk eitt barn að taka litla Lubba með sér heim í lok dags ásamt málbeininu hans í sérstökum Lubba-poka. Heimaverkefnið var að finna hluti eða orða sem byrja á sama staf/hljóði og koma með í leikskólann. Þá var aftur sest niður í Lubbastund og barnið sýndi félögum sínum á deildinni þá hluti sem það kom með að heiman og sagði frá þeim. Verkefnið mæltist vel fyrir hjá öllum, börnum, foreldrum og kennurum. Börnin voru spennt og fannst gaman að fara heim með verkefni úr leikskólanum til að vinna með foreldrum eða aðstandendum sínum.



Morgunkaffi foreldra einu sinni í mánuði gekk ekki upp í eitt einasta skipti og verður sett á dagskrá fyrir næsta skólaár, þar sem kennararnir eru spenntir fyrir því fá foreldra meira inn í leikskólann. Hins vegar eftir að takmarkanir voru felldar úr gildi hafa kennarar verið duglegir að bjóða foreldrum að kíkja inn á deild í lok dags. Gaman hefur verið að koma inn á deild til þeirra og sjá foreldra sitja með barninu sínu að leik og starfi. Það er full ástæða til að auka þátttöku foreldra í starfinu því það eykur á gleði barnanna, styrkir þau í leik og starfi.

### *Árgangar á eldri deildum saman í söngstund tvisvar í viku*

Eins og kom fram hér að ofan þá var þessi þáttur einn af áhersluþáttum í uppeldisstarfinu og ákveðið var að setja þetta sem nýbreytni þar sem við höfum ekki áður verið með söngstundir fyrir árgangana, heldur eingöngu inni á deildum eða fyrir allan leikskólann á föstudögum. Söngstundir voru klárlega endurvaktar úr dvala en því miður vegna Covid takmarkana var ekki hægt að vinna með árganga milli deilda megnið af skólaárinu, en alltaf þegar það mátti og var hægt var það gert og kom vel út. Almennt var gítarspil með söng inn á hverri deild mjög virkt.

### *Börnin fá að hafa áhrif á hvað er gert í vinnustundum*

Kennarar ræða við hvern hóp um það hvað þau vilji gera í vinnustund yfir veturinn og kennari setur það inn í námsáætlunina. Einhverjir kennarar prófuðu þetta í byrjun og þótti börnunum þetta áhugavert og skemmtilegt. Það þarf hins vegar að gera betur og þróa nýja kennsluhætti til að þetta verði að veruleika.

### *Þróunarverkefni*

#### *Mat á námi og vellíðan leikskólabarna.*

Leikskólinn tók þátt í einu þróunarverkefni þetta skólaár, **Mat á námi og vellíðan leikskólabarna**. Verkefnið var samstarfsverkefni tveggja leikskóla í Garðabæ, Hæðarbóls og Lundabóls, Háskóla Íslands og Skólapúlsins. Verkefnið var tvíþætt, annars vegar hönnun spurningalista, í samvinnu við Skólapúlsinn, fyrir elstu börnin í leikskólum um mat á námi barna og líðan og hins vegar á gerð gátlista fyrir leikskólakennara um mat á námsumhverfi barna.



Tilgangur verkefnisins var að fylgjast með því hvernig börn læra, hvernig þeim líður og hvernig námsumhverfið mætir þörfum þeirra. Lögð var áhersla á gagnsætt og leiðbeinandi mat með þátttöku barna, foreldra og kennara sem tekur til fjölbreytts barnahóps í skóla fyrir alla. Kennarar sem voru þátttakendur í verkefninu í samstarfi við starfsfólk Háskóla Íslands og Skólapúlsinn og unnu að hönnun spurningalista fyrir 5 ára börn í leikskólum sem er ætlað að mæla gæði leikskólastarfs frá sjónarhóli leikskólabarna sem metalíðan, sjálfræði, félagstengsl og hæfni.


Verkefnið var unnið á níu mánaðarlegum fundum í vetur frá ágúst til apríl. Forkönnun var lögð fyrir elstu börnin í leikskólunum Hæðarbóli og Lundabóli í október 2021 og spurningarlistinn lagfærður og uppfærður eftir það og forkönnun lögð fyrir öll 5 ára börn í Garðabæ í febrúar 2022.

Til stóð að könnunin yrði lögð fyrir öll 5 ára börn í leikskólum um land allt í apríl á hverju ári. Því miður sýndu niðurstöður úr forprófi í febrúar 2022 ófullnægjandi áreiðanleika og réttmæti þeirra mælitækja sem til stóð að nota. Því verður frekari þróun og framkvæmd á könnun fyrir leikskólabörn haldið áfram veturinn 2022-2023.

## Mannauður leikskólans

### Menntun og fjöldi starfsfólks.

Mikilvægasti þáttur leikskóla er mannaúðurinn, því án hans væri enginn leikskóli, með sanni má segja að *mannauðurinn sé leikskólinn*. Það sem einkennir mannaúð Hæðarbóls er mikil fagmenntun og stöðugleiki. Á Hæðarbóli starfar mikið af leikskólakennurum og öðru vel menntuðu starfsfólki sem hefur brennandi áhuga fyrir starfinu og því að eflast og þroskast í starfi. Mannauðurinn býr yfir mikilli reynslu og þekkingu og leggur metnað sinn í að bera virðingu fyrir börnum, foreldrum og öðru samstarfsfólki. Í grafinu hér fyrir neðan er skipting mannaúðsins eftir menntun og fjölda.



Eins og sést hér á myndinni að ofan þá er helmingur starfsmanna leikskólakennarar og einn fjórði með aðra háskólamenntun og nú í haust bætist svo í hópinn einn leikskólakennari og einn proskajálfari og einn leiðbeinandi hverfur á braut.

Þetta skólaár hafa orðið nokkrar breytingar í starfsmannahópnum þar sem fimm starfsmenn fóru í fæðingarorlof frá 1. apríl 2021 til febrúar 2022. Starfsmenn í fæðingarorlofi voru, einn þroskaþjálfari, íþróttafæðingur, deildarstjóri og tveir leiðbeinendur. Haustið fór því erfiðlega á stað þar sem þrír af þessum hófu í orlofið í ágúst, september og október. Okkur reyndist erfitt að ráða inn í afleysingu og ráðningar drógust fram í miðjan nóvember. Þegar starfsmannahópurinn var fullskipaður í byrjun desember þá skulu á mikil Covid veikindi með þeim afleiðingum að mikið vagg og velta var komin í starfið og starfsmannahópin. Það er því óhætt að segja að haustönnin hafi verið mjög strembin, svo vægt sé til orða tekið. Okkur var gert skylt að halda skólanum opnum og starfsemi óskertri eins og hægt var. Okkur tókst þetta vel og einungis var óskað eftir því tvisvar við foreldra að sækja börnin sín kl. 14 á einni deild, önnur skerðing og lokun kom frá stjórnvöldum vegna Covid eða veðurs.

## Starfsþróun

Þrátt fyrir krefjandi vetur létu kennara ekkert stoppa sig við starfsþróun. Nokkrir fyrirlestrar / námskeið voru fyrir alla á starfsmannafundum eftir áramót;

**Í febrúar** var Hrafnhildur Helgadóttir hjúkrunarfræðingur með 2 ½ tíma námskeið í skyndihjálpi ásamt því að fara vel yfir bráðaofnæmi hjá börnum og notkun EpiPenna. **Í mars** var Ágústa leikskólakennari með fyrirlestur um þróunarverkefnið Sögu og söngpokar sem hún vann í leikskólanum Ökrum. **Í apríl** var Jóna Rósa leikskólustjóri með kynningu á uppfærðri rýmingaráætlun og fór yfir verkferla. **Í maí** fengum við svo þriggja tíma námskeið frá Kvan um mikilvægi jákvæðra samskipta, liðsheild og hópefli.

Þrír kennarar sóttu námskeið hjá Menntafléttunni. Menntafléttan er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands. Menntafléttan eru námskeið fyrir kennara og starfsfólk sem starfar við menntun barna.

Tveir kennarar fóru á námskeiðið Málörvun með sögum og söng, námskeiðið var þrjú tíma í senn í sex skipti, þrjú fyrir áramót og þrjú eftir áramót. Kennarar fengu verkefni til að vinna í leikskólanum á milli tíma. Mikil ánægja var hjá kennurunum með þetta námskeið og kveikti hjá þeim mikinn áhuga og margar nýjar hugmyndir, sem leiddi af sér að sótt var um í þróunarsjóð leikskóla í Garðabæ fyrir þróunarverkefni tengt sögum, söng og málörvun sem fór af stað í vor og heitir Regnbogaskjóður.

Einn kennari sótti námskeiðið Stærðfræði í umhverfi leikskólabarna, þetta námskeið var einnig sex skipti þrjú fyrir áramót og þrjú eftir áramót. Kennarinn sem sótti þetta námskeið er með vinnustundir í stærðfræði í leikskólanum okkar og bætti þetta námskeið ekki við þekkingu hans þar né jók á hugmyndir. Þetta námskeið hentar leikskólum/kennurum sem eru að byrja að vinna með stærðfræði með börnum á leikskólastigi.

Tveir kennarar sóttu námskeið í TRAS (n: Tíðlig registrering af sprákuþvikling) sem er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

Fimm leikskólakennarar fengu nema frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands sem til okkar í starfsnám í vetur. Einn af nemunum er starfsmaður í leikskólanum hefur stundað nám í leikskólakennarafræðum með vinnu á Hæðarbóli. Í vetur var starfsmaðurinn í 50% launuðu starfsnámi í leikskólanum. Starfsmaðurinn útskrifaðist í vor sem leikskólakennari og bætist í

leikskólakennarahópurinn í haust. Tveir meistaranemar í leikskólakennarafræðum komu til okkar á haustönn og tveir fyrsta árs nemar komu til okkar á vorönn.

Við fengum tvær leikskólaheimsóknir, annars vegar danskir leiksólakennarar og hins vegar kennarar frá nágrönnum okkar á leikskólanum Ökrum. Við kynntum leikskólann og hvernig við vinnum á Hæðarbóli fyrir dönsku kennurunum ásamt því að sýna þeim leikskólann og svara spurningum. Þegar kennarar frá Ökrum komu í heimsókn kynntum við fyrir þeim hvernig við vinnum með Uppeldi til ábyrgðar í leikskólanum.

## Starfsmannakönnun


Starfsmannakönnun er lögð fyrir annað hvert ár fyrir alla leikskóla í Garðabæ í umsjón og framkvæmd Skólapúlsins. Könnunin var lögð fyrir á Hæðarbóli í febrúar á þessu ári og voru þátttakendurnir 21 og 19 svöruðu könnunni eða 90,5%. Könnunin kom mjög vel út á heildina, leikskólinn var vel yfir í nánast öllum þáttum á landsvísu. Þættir sem komu mjög vel út voru græn stjörnumerktir, þar sem grænt er gott og rautt er ábótavant. Hæðarból fékk stjórnur á 17 þætti af 34, þar sem 10 voru grænir og 7 voru rauðir. Nefna má nokkra þætti sem komu vel út, starfsandi, stuðningur við samstarfsfólk, stuðningur við nýsköpun, mismunun, stuðningur frá næsta yfirmanni, sanngjörn forysta, valdeflandi forysta, ræktun mannauðs og virkni foreldra í leikskólastarfinu. Þeir þættir sem þarf að skoða og bæta er húsnæðið viðhald og vinnuástaða, stuðningur við börn með sérþarfir (að fá inn fjármagn fyrir börn sem þurfa stuðning), sí- og endurmenntun, starfsþróunarsamtöl og svo þarf að líta til þess að í könnuninn kom fram að starfsmaður upplifði/fann fyrir einelti á vinnustaðnum. Að auki voru opnar spurningar og kom það klárlega í ljós hjá þeim sem svöruðu þeim að þeir voru ánægðir með leikskólann, starfið, og samstarfsfólkið. Hins vegar kom fram afdráttarlaus óánægja þeirra með húsnæðið. Könnunin hefur verið birt á heimasíðunni og [hægt er að skoða hana þar í heild](#) sinni.

## Barnahópurinn


### Fjöldi barna á deild, tími, aldursdreifing

Á myndunum hér fyrir neðan má sjá aldurskiptingu barnanna í leikskólanum, fjölda á deild eftir aldri og dvalarstundir þeirra á dag. og aldurskiptingu á hverri deild og tíma barna í leikskólanum á dag. Það sem er einkennandi þennan vetur hjá okkur var hvað mörg börn voru í tveimur elstu árgöngunum en þeir voru um 70% barnanna í leikskólanum sem gerði það að verkum að tveggja ára börn voru aðeins 10% barnanna í leikskólanum. Leikskólinn var því frekar fullorðinn þetta skólaár.


### Aldursdreifing barna í leikskólanum



### Fjöldi barna á deildum eftir fæðingarári



### Fjöldi barna í dvalarstundum á dag



### Stoðþjónusta bæjarins við leikskólann

Engin börn í leikskólanum voru með skilgreindan stuðning **þó það hefði klárlega þurft** og þar af leiðandi voru mjög mörg börn undir verndarvæng sérkennslustjóra. Fjögur börn áttu mjög erfitt með hegðun og líðan í vetur. Sautján börn fengu aðstoð frá sérkennslustjóra vegna framburðarfráviks, hljóðkerfisvitundar, seinkuðum málþroska, uppbyggingu setninga og tjáningar. Sjö tvítýngd börn voru í skólanum í vetur. Talmeinafræðingur kom reglulega og var sérkennslustjóra innan handar með ráðgjöf, hitti tvítýngdu börnin og lagði málþroskapróf fyrir þau börn sem voru með málþroskafrávik. Túlkur var fenginn inn í leikskólann á fundi með foreldrum þegar það átti við. Samráðsfundir voru haldnir nokkuð reglulega með sérkennslufulltrúa, sálfræðingi, talmeinafræðingi, leikskólastjóra og deildarstjórum þeirra barna. Sérkennslufulltrúi og sálfræðingur komu inn í skólann eftir þörfum og óskum okkar.

## Foreldrasamstarf

Í starfsáætlun leikskólans voru nokkrir þættir lagðir til grundvallar í samstarfi foreldra og leikskóla.

Lögð var áhersla á góð dagleg samskipti sem byggð eru á virðingu, skilningi, umhyggju og gleði. Að senda foreldrum vikulega fréttapósta í tölvupósti og senda vikulega myndir í gegnum Karellen og setja vikulega frétt á heimasíðuna.

**Foreldrasamtöl**, öll börn sem byrjuðu ný í leikskólanum haustið 2021 voru boðuð í samtál í júní til að skrifa undir dvalarsamning, fá kynningu á skólanum og hitta deildarstjóra sem fór yfir aðlögun og starfshætti leikskólans. Allir foreldrar voru boðaðir í tvö samtöl yfir skólaárið eitt á haustönn og annað á vorönn. Samtölin á haustönninni fóru fram í gegnum Teams en á vorönn var hægt að bjóða foreldrum til okkar í leikskólann sem var mjög notalegt.

**Kynningarfundur** fyrir foreldra er haldinn að hausti ár hvert þar sem foreldrum er boðið að koma og fá kynningu á starfinu í leikskólanum. Á sama fundi fer fram aðalfundur foreldrafélagsins þar sem farið er yfir ársreikninga félagsins, starfið og kosið í stjórn. Búið var að skipuleggja kynningarfund og boða hann þegar öllu var skellt í lás og við máttum ekki bjóða fólki inn í leikskólann. Því var brugðið á það ráð að kynna starfið fyrir foreldrum í foreldrasamtalinu á haustönn og jafnóðum í föstudagspóstunum. Stjórn foreldrafélagsins hélt áfram óbreytt. Á nýju ári var síðan boðað til aðalfundar félagsins á Teams þar sem formaður fór yfir starfsemi félagsins og gjaldkeri fór yfir ársreikning síðasta árs, kosið var í stjórn nokkrir héldu áfram og þrír nýir komu inn. Það er virkilega ánægjulegt hversu auðvelt það er að fá foreldra til að vinna með leikskólanum.

**Leikskólanefnd Garðabæjar**; Hæðarból átti fulltrúa foreldra í nefndinni.

**Foreldraráð og félag** er starfandi við leikskólann, leikskólastjóri fundaði einu sinni með foreldrafélaginu yfir skólaárið og einu sinni með foreldraráðinu. Foreldraráð og formaður foreldrafélagsins fær sendar fundargerðir stjórnendafunda sem eru áætlaðir vikulega. Foreldrafélagið stóð fyrir og bauð upp á nokkra viðburði; danskennslu fyrir börnin sem endaði með danssýningu fyrir foreldrana, sveitiferð fyrir börn, kennara og foreldra, hoppukastalar voru leigðir fyrir vorhátíðina, keypt jólagjöf fyrir börnin frá jólasveininum, ljósmyndari kom og tók myndir af börnunum, bæði einstaklings og hópmynd sem foreldrar höfðu svo val um það kaupa. Þá var leikskólanum færð vegleg bókagjöf og kennurum veitingar á kaffistofuna fyrir páska.

**Foreldrakannanir** eru gerðar á tveggja ára fresti, könnun var gerð vorið 2021 og verður því aftur á næsta ári.

Leikskólastjóri spjallaði við foreldraráðið eftir veturinn og voru þau ánægð með dagleg samskipti, hvernig gekk að leysa takmarkanir vegna Covid og gott að fá fréttapósta frá deildarstjórum vikulega. Það sem var ábótavant var virkni Karellen og einhverjir búnir að gefast upp að nota það forrit, einnig fannst þeim gott og gaman að fá myndir af börnunum í leik og starfi í leikskólanum yfir daginn en mætti vera meira.

## Öryggismál

**Slysaskráningar;** þrjú minniháttar slys voru skrá síðasta skólaár eitt barn datt í leikfimisfall á höfuðið sem var meðhöndlað af starfsmanni, barnið síðan sótt og farið með heim. Tvö börn dattu á framtennum, foreldri annars barnsins kom og sótti það og fór með það til tannlæknis þar sem tennurnar voru lausar. Foreldri hins barnsins fór með það á heilsugæsluna til að ganga úr skugga um að tennurnar væru allar fastar, sem að þær voru.

**Eldvarnareftirlit í leikskólanum,** var framkvæmt einu sinni í mánuði af leikskólakennara og hóp af elstu börnunum og skýrsla send til Ingólfs Bendiktssonar verkefnastjóra hjá Eignarsjóði Garðabæjar sem sér um að koma þeim í réttar hendur. Slökkviliðsmenn komu í heimsókn og hittu elstu börnin í leikskólanum og fræddu þau um eldvarnir með aðstoð Loga og Glóð sem er verkefni sem leggur áherslu á að tryggja öryggi barna og starfsfólks ef til hættuástands kemur. Einnig kom starfsfólk frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins í árlegt eftirlit í nóvember til að yfirfara eldvarnir og flóttaleiðir í leikskólanum. Nokkrar athugasemdir komu fram sem lagaðar voru s.s. ógreiðfærar / flóknar flóttaleiðir, opnanlegir gluggar voru stífir, neyðarlýsing á einni deild var biluð sem þurfti að laga og prófa. Þetta var allt lagað og slökkvilið upplýst um það.

**Eftirlit með leikskólalóðinni;** daglega er leiksólalóðin yfirfarin af starfsmanni leikskólans og athugasemdir skráðar og staðfest eftirlit. Deildarnar skiptast á mánaðarlega að hafa eftirlit með lóðinni og ber deildarstjóri hverrar deildar ábyrgð á því að það sé gert. Síðasta rekstrarskoðun á lóðinni var í febrúar 2021. Mjög góð þjónusta er hjá garðyrkjunni þegar þarf að bregðast við einhverju sem ekki er í lagi og þarf að laga.

**Klemmuvarnir** eru á öllum hurðum í leikskólanum og í lagi.

**Vinnueftirlitið;** kom í reglubundna heimsókn í upphafi árs 2021 og sendi frá sér skoðunarskýrslu í framhaldinu. Nokkrum þáttum var ábótavant sem leiksólalastjóri bar ábyrgð á að yrði komið í lag iðnaðarmenn voru fengnir til að laga það sem að þeim snéri. Leiksólalastjóri framkvæmdi áhættumat eftir sex skrefa aðgerðaráætlun Vinnueftirlitsins haustið 2021, endurskoðaði og uppfærði áætlun leikskólans um öryggi og heilbrigði starfsfólks. Að þessu loknu skilaði leiksólalastjóri skýrslu í nóvember 2021 um úrbætur í kjölfar skoðunarskýrslu Vinnueftirlitsins.

**Heilbrigðiseftirlitið;** starfsmaður frá heilbrigðiseftirlitinu mætti í reglubundna heimsókn í apríl 2022 og lagði áherslu á eldhús og í framhaldi fékk leiksólinn í hendurnar eftirlitsskýrslu frá heimsókninni. Í skýrslunni segir að almennt er aðstaðan tiltölulega snyrtileg og ljóst er að starfsfólk gerir eins vel úr aðstæðum og hægt er. Matvæli eru geymd í lokuðum umbúðum og merkt, flokkun fer fram og niðurstöður úr þrífásýnum voru öll fullnægjandi. En skýrslan var ekki án athugasemda og víða þarf að bregðast við. Virkja þarf skráningar, þrifa háf og loka hlera á milli eldhúss og kaffistofu. Þessum athugasemdum var öllum kippt í lag strax og þríf og skráningar settar í ferli. Einnig voru gerðar athugasemdir sem snúa að aðstöðu starfsfólks og að húsnæðinu. Í skýrslunni segir að aðstaða sé lítil og úr sér gengin. Geymslupláss fyrir matvæli og áhöld sem og vinnupláss sé afar takmarkað sem aukið getur líkurnar á krossmengun. Í leikskólanum eru tvö börn með bráðaofnæmi fyrir hnetum og eitt með bráðaofnæmi fyrir mjólkurvörum og eggjum. Aðgengi að handlaug var hindrað með hillum og ísskáp og því uppþvottavaskur notaður til handþvotta sem sé með öllu óviðunandi þar sem matvæli eru meðhöndluð. Búið er að bregðast við þessari athugasemd með bráðabirgðalausn.

Frystiskápar eru staðsettir í geymslu leikskólans ásamt leikföngum, verkfærum og öðru sem ekki tilheyrir eldhúsi. Geymsla matvæla og áhalda skal vera aðskilin annarri starfsemi leikskólans.

Mat heilbrigðiseftirlits er að húsnæðið uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru til eldhúss þar sem matur er eldaður frá grunni m.t.t. matvælaöryggis, sér í lagi fyrir viðkvæma neytendur eins og börn.

Leikskólastjóri óskaði eftir fundi með forstöðumanni eignasjóðs, sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og leikskólafulltrúa. Fundað var í maí vegna skýrslu heilbrigðiseftirlitsins, farið var yfir niðurstöður skýrslunnar og metið þannig að óskað væri eftir fresti fram á haust til að meta hvernig bregðast eigi við þessum athugasemdum.

## Húsnæði og viðhald

Engar stórfamkvæmdir voru innandyra, en gert var við tilfallandi bilanir eða slit. Fyrsti hluti af þremur af lóðinni var tekinn í gegn. Stóð til að byrja í maí og ljúka um miðjan ágúst en framkvæmdir töfðust og byrjuðu ekki fyrr en í júlí og stefnt var á að ljúka þeim í lok september. En verkið tafðist en gekk engu að síður vel og lauk í byrjun nóvember, þökk sér góðu hausti. En nú hefur verið skipt um jarðveg og garðurinn drenaður, sem skipti mjög miklu máli í vetur þar sem ekkert flóð inn á lóðinni átti sér stað á ný uppgerðum hluta lóðarinnar. Næsti hluti af lóðinni sem sagt annar af þremur er á dagskrá í sumar 2022.

## Lokaorð

Það má með sanni segja að þetta skólaár hafi verið stormasamt vegna ytri áskoranna en engu að síður miklu áorkað og tókst í heildina vel. Eins og búið er að rekja hér að ofan þá fylgdu við starfs- og matsáætlun, tókum þátt í þróunarverkefni og vorum með nýbreytni í starfi. Allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi og hann er sannarlega til staðar á Hæðarbóli. Á Hæðarbóli starfar mikið af áhugasömu og reynslumiklu fagfólki ásamt frábærum leiðbeinendum og í leikskólanum ríkir mikil gleði og starfsánægja, eins og fram kom í starfsmannakönnunni og það endurspeglast í starfi. Starfsmannahópurinn sýndi mikla samstöðu, dugnað, útsjónarsemi, og jákvæðni í þessum aðstæðum. Ég vil þakka mínu frábæra samstarfsfólki fyrir krefjandi en jafnframt gefandi starfsár því án þeirra hefði þetta ekki verið hægt.

Ég vil þakka stoðþjónustunni fyrir gott samstarf, tölvudeildinni, kjaradeildinni, áhaldahússinu, fasteignafélaginu sem öll voru okkur innan handar þegar á þurfti. Sérstakar þakkir vil ég færa leikskólafulltrúanum okkar, sviðsstjóra- fræðslu og menningarsviðs og mannauðsstjóranum, sem alltaf voru til taks og héldu vel utan um okkur á þessum krefjandi og ótrúlegu tímum.

Jóna Rósa Stefánsdóttir, leikskólastjóri Hæðarbóls  
Garðabæ, 15. júlí 2022